

KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 6. árgangur • 2. tölublað • maí 2010



Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús




AKURSKÓLI ÚTSKRIFAR NEMENDUR Í 10. BEKK Í FYRSTA SINN

Í vor munu 33 nemendur útskrifast úr 10. bekk í Akurskóla. Það er sögulegur atburður því þetta verður í fyrsta sinn síðan Akurskóli tók til starfa árið 2005 sem nemendur í 10. bekk hafa stundað nám í skólanum og útskrifast. Þessi árgangur hefur ætíð verið elsti árgangurinn í skólanum frá opnun hans og vaxið og dafnað með honum síðustu fimm árin.

Í tilefni þessa tímamóta voru nokkrir nemendur í 10. bekk

teknir tali og hugur þeirra gagnvart skólanum, útskrift og framtíðinni kannaður. Fyrir svörum urðu þau Eyrós Lena Kristjánsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Sigurborg Lúthersdóttir, Daníel Hilmarsson, Þórhallur Arnar Vilbergssonson og Gunnar Hildimar Halldórsson. Vegna þess hve Akurskóli er ungur eiga þau það öll sameiginlegt að hafa stundað nám í öðrum skólum, s.s. Njarðvíkurskóla, Húsaskóla, Grunnskóla Bolungarvíkur og Áslandsskóla í Hafnarfirði.

Aðspurð segja þau Akurskóla vera góðan skóla en svolítið öðruvísi og nefna í því sambandi opnar skólastofur. Með því fyrirkomulagi þykir þeim meira frjálsræði ríkja en ella. Einnig finnst þeim jákvætt að hafa verið með tvo kennara í flestum fögum í vetur sem hefur komið sér vel þegar leita þarf aðstoðar í tímum. Þau kunna því vel að stutt sé að heiman í skólann og að krakkarnir í 10. bekk séu góðir vinir og félagar. Í maí fer útskriftarhópin í þriggja daga



Gunnar H. Halldórsson



Þórhallur A. Vilbergssonson



Sigurborg Lúthersdóttir



Eyrós Lena Kristjánsdóttir



Daníel Hilmarsson



Sara Stefánsdóttir

ferðalag til Vestmannaeyja og ríkir mikil eftirvænting í hópnum vegna þess. Það sem þau helst telja að mætti bæta í Akurskóla væri aðstaða eða afdrep fyrir nemendur í unglingadeild til þess að setjast niður og spjalla saman í frímínútum og svo mætti líka auka félagslífið í skólanum.

Misjafnt er hvaða kennslustundir þau segja hafa verið skemmtilegastar í gegnum árin en nefna m.a. náttúrufræði, íslenku, ensku og íþróttir. Það sé þó margt annað sem standi upp úr þegar hugsað er til baka eins og leikhúsferð að sjá Gauragang fyrr í vetur, Skólahreysti, ræðukeppni grunnskólanna, matarboð með kennurum og árshátíðarball grunnskólanna, Para og vina ballið, fótboltamót grunnskólanna sem stelpurnar í Akurskóla unnu, Samfés

ballið og hljómsveit Akurskóla sem stofnuð var undir handleiðslu Gumma dönskukennara.

Eyrós, Sara, Sigurborg, Daníel, Þórhallur og Gunnar ætla öll í framhaldsnám og bíða nú eftir svari við umsóknum sínum um skólavist. Eyrós stefnir á nám í Flensburg og vill verða arkitekt eða rithöfundur, Sara og Sigurborg hafa báðar sótt um sjúkraliðanám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Daníel ætlar í almennt hönnunarnám í Tækniskólanum, Þórhallur stefnir á náttúrufræðibraut í MR og Gunnar er ákveðinn í að verða flugmaður sem hann mun læra í FS og Keili. Þau hlakka öll mikið til að fara á busaball og að taka þátt í félagslífi framhaldsskólanna.

Nú líður að sumarfríi og nóg verður að gera hjá þeim í sumar. Eyrós

mun starfa í sveit í sumar ásamt því að vinna í verslun. Gunnar ætlar vestur að vinna á bátum Bjarnarnesi sem heldur úti áætlunarferðum frá Bolungarvík á Hornstrandir. Sara, Sigurborg, Daníel og Þórhallur ætla í unglingavinnuna.

Þó spennandi þáttaskil séu framundan hjá þeim Eyrósu, Söru, Sigurborgu, Daníel, Þórhalli og Gunnari þá eru þau sammála um að þau komi til með að sakna vinanna og kennaranna og nefna sérstaklega í því sambandi Þormóð náttúrufræðikennara. Hann sé einkar laginn við að gera námsefnið áhugavert og skemmtilegt með því að setja það í sögubúning svo ná megi athygli allra og fyrir vikið höfum við lært mjög mikið hjá honum, segja þau.

Leikritið „Ýkt komin yfir þig“ æft á fullu

Þessa dagana eru nemendur á unglingastiginu að æfa stytta útgáfu af leikritinu „Ýkt komin yfir þig“ eftir Mark Ravenhill. Leikritið fjallar um samskipti unglinga sem eru tilbúnir að færa miklar fórnir fyrir frægðina. Jóna Guðrún Jónsdóttir leikstjóri segir að þetta séu frábærir og duglegir krakkar og að æfingar gangi vel.

Hljómsveit skólans mun spila hlutverk í sýningunni. Allir sem að sýningunni koma ætla að gera sitt besta til að sýningin megi heppnast sem best. Að lokum sagði Jóna Guðrún að allir væru fullir tilhlökkunar að sjá afrakstur vinnunnar þegar verkið verður sýnt á þemadögum í júníbyrjun.



Akurskóli sendi lið í ræðukeppni

Akurskóli tók þátt í Ræðukeppni grunnskóla Reykjanesbæjar og Fjörheima 3. mars sl. Lið Akurskóla skipuðu Símon Björnsson, Aron Yngvi Nielssen, Daníel Hilmarsson og Þórhallur Arnar Vilbergsson. Strákarnir eru allir í 10. bekk Örnium. Þeir stóðu sig mjög vel og skemmtu fullum sal af áheyrendum.

Undirbúningur þeirra var mjög stuttur þar sem tveir liðsmenn forfölluðust á síðustu stundu. Þeir reyndu að sannfæra lið Njarðvíkurskóla um ágæti þess að lækka skólaaldur niður í 14 ára aldur. Ræðukeppnin er vonandi komin til að

vera fastur liður í skólastarfi og við stefnum ótrauð á að senda lið aftur að ári.

Ræðukeppnin er nýjung í grunnskólum Reykjanesbæjar en forsvarsmenn og

framkvæmdastjórar keppninnar eru þeir Sigfús Árnason og Davíð Már Gunnarsson.

Við þökkum strákunum okkar kærlega fyrir þátttökuna.




Verðlaunamyndir Péturs Darra



Pétur Darri sigraði í ljósmyndakeppni

Pétur Darri Pétursson, nemandi í Höfrungum í 5. bekk, sigraði í ljósmyndamarafoni Reykjanesbæjar sem haldið var í síðasta mánuði. Þema keppninnar var þrískipt, þ.e. Bærin minn, Hafið og Lestur er lífsstíll. Pétur Darri segist lengi hafa beðið eftir tækifæri til að taka þátt í ljósmyndamarafoni og varð því ákaflega glaður þegar



Pétur Darri Pétursson sigraði í ljósmyndamarafoni Reykjanesbæjar.

hann sá auglýsinguna frá Reykjane bæ. Hugmyndirnar að myndunum segir hann að hafi komið fljótt en tekið smá tíma að útfæra þær og prófa. Hugmyndin af svönunum kviknaði þegar hann sá fuglinn í merki Reykjanesbæjar, hvað hafið varðar tengir hann saman haf og ankeri og á myndinni um lestur fannst Pétri Darra tilvalið

að sýna gamla bók í gömlu mosagrónu hrauni. Þess má einnig geta að Vala Rún, systir Péturs Darra sem er í 8. bekk, tók einnig þátt í keppninni og lenti í fjórða sæti í sínum aldurflokki.

Ljósmyndaáhugi Péturs Darra er mikill og ætlar hann að taka margar myndir í framtíðinni á nýju myndavélina sem hann fékk í verðlaun.



▲ Í textílmennt eru margvísleg viðfangsefni allt frá því að læra að þræða nál til þess að sauma flík í saumavél. Einnig læra nemendur að sauma útsaumsspor, að þæfa ull, hekla, þrjóna og fræðast um sögu handverks á Íslandi.



SKEMMTILEGAR SMIÐJUR

Í Akurskóla eru verklegar greinar í 1. – 7. bekk kenndar í svokölluðum smiðjum. Þar má nefna heimilisfræði, smíðar, textílmennt, vísindi og myndmennt. Nemendur taka þátt í öllum smiðjum yfir skólaárið og stendur hver smiðja yfir í 5 – 6 vikur. Kennslustundir eru ýmist fjórar eða sex í viku og er bekkjum þá blandað saman innan stigs. Mikið og áhugavert starf fer fram í smiðjutímum og oft má sjá glæsilegan afrakstur nemenda.



◀ Í vísindum er unnið með Lego þar sem yngri nemendur takast á við einföld verkefni og læra að fylgja leiðbeiningum en eldri nemendur læra að byggja flókna hluti, nota rafmagn til að knýja áfram það sem þau byggja og læra hvernig forrita má legovélmenni til að leysa þrautir.



▲ Í smíðum er sagað og neglt og nemendum kennt að draga upp mynd af verkefninu og skapa eftir henni og þekking á verkfærun og meðhöndlun þeirra er aukin. Nemendur þjálfast einnig í að gera greinarmun á helstu efnum sem unnið er með.



▲ Í myndmennt læra nemendur að þekkja grunnformin og frumlitina og kynnast mikilvægi línunnar í myndverkum. Einnig læra þeir um hugtökin nálægt/fjarlægð og kyrrð/hreyfing í myndsköpun og áhersla er lögð á að nýta nátturuna sem innblástur í verkefnum.




▲ Í heimilisfræði er eldað og bakað, farið yfir grunnþætti næringarfræðinnar og skerpt á mikilvægi hreinlætis við matargerð.

EFNILEGIR LISTAMENN Í AKURSKÓLA

Enginn skortur virðist vera á efnilegum listamönnum í Akurskóla eins og sjá má af þessum sýnishornum.



Brynjar í 8. bekk.



Skarphéðinn í 7. bekk.



Kristófer Natan í 3. bekk.



Nemendur í 1. bekk.

LJÓÐ

Vindur

Vindur vindur blástu mér
bara hvert sem ég fer.
Vindur kæri vinur minn
núna finn ég svalann þinn.
Kaldur, kaldur blástur ég fæ
yfir höfuð og niður í tær.

Marianna Líf Swain, 7. bekk

Kaffi

Kaffigerð er list,
Við drekkum þegar við erum þyrst.
Kaffihúsin eru full
af fólki að drekka kaffisull.
Það er líka kaffi heima
og lyktin berst um alla geima.
Flestir drekka kaffi í bolla
því í glasi kaffið vill ei tolla.

Una María Magnúsdóttir, 6. bekk.

Undir berum himni

Síðasta þemavika vetrarins verður 1. – 4. júní og ber yfirskriftina „Undir berum himni.“ Þá daga eru hefðbundnar námsbækur lagðar til hliðar en í staðinn fengist við verkefni og viðfangsefni sem eiga það sameiginlegt að vera framkvæmd utandyra. Kennarar og starfsfólk Akurskóla vinna nú hörðum höndum að undirbúningi og skipulagi þemadaganna og óhætt er að segja að dagskráin verði afar fjölbreytt og áhugaverð. Í því sambandi má nefna stuttmyndagerð, ferð í Víkingaheima og landnámsgarðinn, ljósmyndamaráðon, útieldamennsku, þjóðsögur, hreyfingu og leiki. Í lok þemavikunnar verður sýning í skólanum og fjölskyldum nemenda boðið í heimsókn til þess að sjá afrakstur þemadaganna.





Skólapeysur

Foreldrafélag Akurskóla átti frumkvæði að því í vetur að láta útbúa sérstakar skólapeysur fyrir skólann okkar. Peysurnar eru merktar Akurskóla og hægt er að fá þær í tveimur litum, rauðum eða svörtum. Hægt verður að máta og panta fleiri peysur í haust þegar nýtt skólaár hefst.



Moltugerð í Akurskóla

Einn liður í Grænfánaverkefninu er að safna lífrænum úrgangi. Til að ná því markmiði hafa nemendur í 1. – 5. bekk Akurskóla fengið þar til gerð ílát þar sem í er safnað öllum lífrænum afgangum. Í útikennslutímum sem eru fastir liðir í skólastarfinu safnast nemendahópar saman til þess að setja úrganginn í moltukassa sem eru staðsettir á skólalóðinni. Í framtíðinni má nýta moltuna sem áburð fyrir allan garðagróður.

Vor

Það er komið vor.
Krakkar með hor.
Kallar með bor.
Eftir snjóinn er for.
Í frystihúsum slor.

Una María Magnúsdóttir, 6. bekk.



Góður árangur í læsissskimun

Í Akurskóla er lestrarkennsluaðferðin Byrjendalæsi og nýttist hún jafnframt í fleiri greinum. Byrjendalæsi er lifandi kennsluaðferð þar sem notaðar eru barnabækur. Þar er lögð áhersla á talmál, reynslu barnanna, textavinnu, samband stafs og hljóðs sem og sundurgreinandi og samtengjandi aðferðir. Jafnframt er lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun.

Á hverju ári eru lögð fyrir nemendur í 1. bekk þrjú mismunandi lestrarskimunarpróf sem kallast

Læsi. Markmiðið með þeim er að greina stöðu nemenda svo hægt sé að mæta þörfum þeirra sem best. Niðurstöður úr tveimur þeirra liggja fyrir og hefur árangur nemenda í Akurskóla verið framúrskarandi samanborið við aðra skóla sem nota Byrjendalæsi sem kennsluaðferð. Umsjónarkennarar í 1. bekk eru Agnes Ásgeirsdóttir, Ragna Finnsdóttir og Sigurbjörg Ásdís Snjólfdsdóttir.

VORHÁTÍÐ 7. JÚNÍ 2010

Vorhátíðin í ár verður mánudaginn 7. júní og verður hún með breyttu sniði frá fyrri árum. Það er ætlunin að fara í keppni á milli bekkja í þrautum víðs vegar um skólann. Verðlaun verða veitt fyrir besta stuðninginn, flottustu búningana og jákvæðasta liðið ásamt því að liðið sem nær bestum árangri í þrautunum fær viðurkenningu. Ætlunin er að 1. – 5. bekkur keppi annars vegar og 6. – 10. bekkur hins vegar. Hver og einn bekkur fær úthlutað sínum lit sem þeir eiga að klæðast eins og hægt er í keppninni.

Venjuleg stundartafla gildir þennan skóladag og nemendur hitta umsjónarkennarann sinn í fyrstu tveimur kennslustundum dagsins. Þá fara þeir yfir það hver á að taka þátt í hvaða grein og skipuleggja framhaldið. Allir verða að taka þátt í a.m.k. einni grein en enginn má taka þátt í fleiri en þremur greinum.

Eftir hádegi verða svo stöðvar í kringum skólann og í lok dags verða verðlaunin veitt.

Við vonum að allir komi með góða skapið og verði tilbúnir í skemmtilega vorhátíð.





Íslandsmeistari í dansi í Akurskóla

Karen Mist Arngeirsdóttir nemandi í 4. bekk Hnísum er búin að æfa samkvæmisdans frá 4 ára aldri og er í Danskóla Jóns Péturs og Köru í Reykjavík.



Helgina 1. – 2. maí sl. var haldið Íslandsmeistaramót í samkvæmisdönsum í Laugardalshöll. Keppendur frá mörgum dansskólum, víðs vegar um landið tóku þátt. Karen Mist og dansfélagi hennar, Rebekka, stóðu sig frábærlega vel og urðu Íslandsmeistarar í sínum flokki í Standard dönsum en þær kepptu í Vals, Tango og Quick step. Í Latin dönsum kepptu þær í Sömbu, Cha Cha Cha og Jive og lentu í 2. sæti. Til gamans má líka geta þess að þær urðu einnig Íslandsmeistarar í sínum flokki í gömlu dönsunum.



Skelfilegt draugahús

Nemendur í 6.- 7. bekk tóku sig til á dögnum og útbjuggu draugahús í einni tónlistarstofunni. Þau myrkvuðu rýmið og bar margt skelfilegt fyrir augu gesta sem þorðu þarna inn. Krakkarnir áttu sjálf frumkvæði að uppátækinu sem var sérlega vel heppnað.

Akurskóli í þriðja sæti í Stóru upplestrarkeppninni

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í Duushúsum fimmtudaginn 4. mars sl. Þeir Teitur Ari Theodórsson í Kjóum og Ólafur Andri Magnússon í Kríum voru fulltrúar Akurskóla í þetta skiptið en alls voru keppendur tólf frá öllum skólum í Reykjensbæ auk Grunnskóla Sandgerðis. Það er skemmst frá því að segja að þeir Teitur Ari og Ólafur Andri stóðu sig báðir með stakri þryði en Teitur Ari lenti í þriðja sæti.



Markmið með upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái *alla nemendur* til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

ABC barnahjálp

Á vormánuðum söfnuðu nemendur í 5. bekk peningum fyrir ABC-barnahjálp. Þau stóðu sig með stakri þryði og var ágóðinn af söfnuninni kr. 43.810. Ágóðinn af söfnuninni er m.a. ætlaður til byggingar barnaskóla á Indlandi. Einnig verður safnað fyrir 150 sólarofnum fyrir fátækar fjölskyldur í Burkina Faso. Hver ofn kostar um kr. 5000 - 6000 og getur slíkur ofn gerbreytt lífi fjölskyldu til hins betra.

Börn hjálpa börnum er árlegt söfnunaráttak ABC barnahjálparinnar. Í þetta skipti tóku á fjórða þúsund börn í á annað hundrað grunnskólum þátt í söfnuninni með því að ganga í hús og safna fjárframlögum í bauka. Við viljum þakka bæjarbúum kærlega fyrir góðar móttökur.

Kveðja, nemendur í 5. bekk í Akurskóla

FREYR BRYNJARSSON



Góðan daginn Akurskóli. Freyr Brynjarsson heiti ég og er Njarðvíkingur í húð og hár. Mínum grunnskólaárum eyddi ég reyndar í Digranesskóla sem staðsettur er í Kópavogi. Þegar í framhaldsskóla kom var valið að fara á Íþróttabraut í FG. Leiðin lá svo í Kennaraháskóla Íslands þar sem ég útskrifaðist sem grunnskólakennari og íþróttatræðingur. Ég hef kennt í þremur skólum frá því ég útskrifaðist, sá fyrsti hét Hlíðarskóli í Reykjavík svo lá leið mín til Grindavíkur þar sem ég kenndi íþróttir og bekkjakennslu í þrjú ár. Þessa dagana er ég að fræða snillinga í Akurskóla hér í Njarðvík. Ég er giftur Hrefnu

Björk Sigurðardóttir og eigum við tvo flotta drengi, þá Brynjar Dag 5 ára og Daníel Loga 9 mánaða. Ef það hefur farið framhjá einhverjum þá æfi ég handknattleik með Haukum en ég hef æft handbolta frá 8 ára aldri. Áhugamál mín eru að sjálfsögðu íþróttir, kvikmyndir, ferðalög og töfrabroð. Einnig hef ég gaman af þáttum eins og How I met your mother, Friends, 24, Top gear, Supernatural og Smallville. Ég hef eignast marga vini hér í Akurskóla og eru nemendur heppnir að hafa aðgang að þessu frábæru starfsfólki og kennurum sem hér starfa.

Kveðja Freyr Brynjarsson.
Áfram Njarðvík

KORNIÐ
Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Heimsókn Svía og Finna frestað til haustsins vegna eldgoss

SWIF er samvinnuverkefni milli grunnskóla í Svíþjóð, Íslandi og Finnlandi sem unnið hefur verið að í næstum tvö ár og átti að ljúka núna í apríl-maí 2010 með heimsókn til okkar í Akurskóla. En eins og flestum er ljóst varð ekki af heimsókninni vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Þetta voru mikil vonbrigði fyrir alla, bæði nemendur og kennara.

Kennarar í Svíþjóð og Finnlandi hafa fundið nýja dagsetningu og stefnt er að heimsókninni í október 2010. Nemendur hafa verið duglegir að skrifast á við pennavini sína, bæði með bréfum, msn og tölvupósti. Við erum stolt af þeim og hvetjum þau eindregið til að halda áfram að skrifa. Það verður gaman að hitta loks erlendu vini okkar um miðjan október, við munum taka vel á móti þeim og munum án efa eiga góðar stundir með þeim.

Að lokum má nefna að nemendum er alltaf velkomið að koma með bréf til Hönnu sem sendir þau reglulega til Svíþjóðar og Finnlands.

Akurskóli á iði - Gengið í Voga og grillað laugardag 29. maí

Akurskóli á iði er heiti á samstarfsverkefni skólans og foreldra nemenda og hafa tvær vel heppnaðar ferðir verið farnar á þessu vori, sú fyrri að Hrafnagjá og sú síðari á Garðskaga. Þriðja og síðasta ferðin að þessu sinni verður laugardaginn 29. maí, en þá er ætlunin að ganga frá Innri-Njarðvík og inn í Voga. Leggjum af stað frá Akurskóla kl. 10.00 og tökum eitthvað með okkur til að skella á grillið í lok ferðar.

Skipulag fram að skólalokum

1. - 4. júní Þemadagar: Undir berum himni

7. júní Vorhátíð

8. júní Skólaslit

1. bekkir	kl. 9.00
2.-3. bekkir	kl. 10.00
4.-5. bekkir	kl. 11.00
6.-7. bekkir	kl. 12.00
8.-9. bekkir	kl. 13.00
10. bekkir	kl. 16.00